

**Nd.**

**224. Breytingartillögur**

[121. mál]

við frv. til l. um vörugjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „18/1927“ í 2. mgr. komi: 79/1971.

2. Við 7. gr. 3. mgr. orðist svo:

Þá skal ákveða með reglugerð, hvernig auðkenna skuli vörureikninga þá, er fylgja gjaldskyldri vöru framleiðanda eða umboðssala, svo og hvort og hvernig slík vara skuli auðkennd framleiðanda og innflytjanda, þegar varan er seld í smásölu.

3. Við 9. gr. Síðari másl. 1. mgr. orðist svo:

Þá er og óheimilt að taka við innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, nema fullnægt hafi verið ákvæðum sömu reglugerðar um merkingu smásöluumbúða.